

Bæjarstjórn - 378

## FUNDARBOÐ

**378. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, 29. ágúst 2019 og hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Fundargerð

##### 1. 1907002F - Bæjarráð - 603

- 1.1 1907001F - Skipulags- og bygginganefnd - 234
- 1.2 1907003 - Hjallatangi 3 - Lóðarumsókn
- 1.3 1907012 - Bætt starfskilyrði og kjör starfsmanna í Leikskólanum í Stykkishólmi
- 1.4 1905062 - Skráning listmuna Stykkishólmsbæjar
- 1.5 1907026 - Ábendingar frá eigendum Reitarvegar 8
- 1.6 1907025 - Erindi frá Verkalýðsfélagi Snæfellinga
- 1.7 1811057 - Umsókn um staðsetningu fyrir hundagerði
- 1.8 1907015 - Samningur um nýtingu sjávargróðurs
- 1.9 1906035 - Framtíðarskipulag tjaldsvæðis
- 1.10 1907009 - Takmarkanir á heimild til að tjalda í landi Stykkishólmsbæjar
- 1.11 1906037 - Arnar II SH 757, skipanr. 2660 - forkaupsréttur
- 1.12 1907032 - Samrekstur á embættum skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi
- 1.13 1907028 - Umsögn um rekstrarleyfi Hótel Fransiskus, Austurgötu 7
- 1.14 1907029 - Umsögn um rekstrarleyfi til reksturs um borð í Breiðafjarðarferjunni Baldri SH
- 1.15 1901038 - Stýrihópur um myndun framtíðarsýnar fyrir bæjarhátíðir í Stykkishólmi
- 1.16 1907014 - Heilsuefling eldri borgara 60 (plús) í Stykkishólmi 2019-2020
- 1.17 1906041 - Handbók vinnuskóla Stykkishólmsbæjar
- 1.18 1907023 - Umsögn um umsókn UMF Snæfells um tækifærisleyfi vegna tónleika á Dönskum dögum
- 1.19 1907013 - Beiðni og athugasemdir varðandi skipulagsmál og framkvæmdir á svæði við Ytri höfða í Stykkishólmi (Sæmundarreitur)
- 1.20 1907034 - Kennslukvóti 2019-2020
- 1.21 1907035 - Umsögn um rekstrarleyfi - Skúrin, Þvervegi 2, Stykkishólmi
- 1.22 1907027 - Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 2019
- 1.23 1907011 - Tilmæli Örnefnanefndar til sveitarfélaga á Íslandi
- 1.24 1906040 - Boðun XXXIV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, 6.

september 2019

- 1.25 1907031 - Fundur um ferðapjónustu í Stykkishólmi
- 1.26 1907024 - EarthCheck - erindi frá Náttúrustofu Vesturlands um fyrirkomulag í fæðingarorlofi
- 1.27 1906034 - Fundargerð 872. fundar stjórnar sambandsins
- 1.28 1906039 - Fundargerðir stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf.
- 1.29 1907018 - Danskir dagar 2019
- 1.30 1907008 - Leiðbeiningarskilti í Stykkishólmsbæ fyrir ferðalanga
- 1.31 1907030 - Fundarboð starfshóps um aflaheimildir sem ríkið fer með forræði yfir
- 1.32 1907002 - Kynning Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunnar um ný stjórn tæki húsnæðismála
- 1.33 1904032 - Umhverfisganga bæjarstjóra
- 1.34 1905034 - Miðsvæði - Deiliskipulag

### **Erindi til kynningar**

#### **2. 1908019 - Bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar 30.06.2019**

Lagt fram bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar 2019 fyrir janúar - júní 2019 ásamt yfirliti um rekstur málaflokka.

### **Erindi til afgreiðslu/umsagnir**

#### **3. 1907032 - Samrekstur á embættum skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi**

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa undanfarið haft til skoðunar að auka samstarf í skipulags- og byggingarmálum. Í því sambandi var óskað eftir samantekt frá SSV sem skilaði tillögum í júlí 2019. Í 50. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar er gert ráð fyrir að bæjarstjórn ráði í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu. Fyrir liggur að núverandi skipulags- og byggingarfulltrúi mun láta af störfum 1. september nk.

Á meðan unnið er að því að fá niðurstöðu um fyrirkomulag mögulegs samstarfs leggur bæjarstjóri til að honum verði veitt umboð til sex mánaða til að tryggja að verkefnum skipulags- og byggingarfulltrúa verði sinnt í samræmi við ákvæði viðkomandi laga, annað hvort með því að ráða tímabundið í viðkomandi stöðu/stöður eða með því að kaupa þjónustu verktaka sem uppfyllir skilyrði laga.

#### **4. 1907014 - Heilsuefning eldri borgara 60 í Stykkishólmi 2019-2020**

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar tók ákvörðun síðastliðið haust um að Stykkishólmsbær leggi sitt af mörkum við að styðja við eflingu og heilsu og stuðla að velferð eldra fólks með því að bjóða þeim íbúum sem eru 60 ára og eldri, upp á fjölþætta heilsurækt. Ásamt fjölþættri heilsurækt stóð þátttakendum til boða fyrirlestrar og námskeið þar sem fjallað var m.a. um hreyfingu og sjúkdóma, næringu, mataræði og lífstílsbreytingu.

Á 603. fundi bæjarráðs var lagt fram þakkarbréf frá öldungarráði Stykkishólmsbæjar þar sem öldungarráð færir bæjarstjórn bestu þakkir fyrir frumkvæði að heilsuefningu eldri borgara í Stykkishólmi sem og að komið var á framfæri vonum um að áframhald yrði á því góða starfi næsta haust. Á sama fundi lagði bæjarstjóri til að hugað verði að undirbúningi þessa verkefnis sem fyrst sé það vilji bæjarstjórnar að halda verkefninu áfram með svipuðu sniði og reyndist svo vel síðastliðinn vetur. Bæjarráð fól bæjarstjóra, í samvinnu við tómsunda- og æskulýðsfulltrúa, að hefja viðræður við þjálfara um mögulegt áframhald á verkefninu og kalla eftir greinargerð um

Heilsueflingu eldri borgara 60 (plús) í Stykkishólmi 2018-2019.

Fram er lögð greinagerð um Heilsueflingu eldri borgara 60 (plús) í Stykkishólmi 2018-2019 þar er sagt frá þeim æfingum sem voru í boði og greint frá jákvæðum niðurstöðum úr göngu- og styrktarprófi og jákvæðu viðhorfi þátttakanda. Einnig er gerð grein fyrir rekstrarkostnaði verkefnisins.

Óskar bæjarstjóri eftir umboði bæjarstjórnar til þess að ganga til samninga við þjálfara í tengslum við Heilsueflingu eldri borgara 60 plús í Stykkishólmi 2019-2020.

## **5. 1903030 - Endurröðun á fjárfestingum 2019**

Lögð er fram tillaga að endurröðun á fjárfestingaráætlun Stykkishólmbæjar 2019, en ekki er um að ræða breytingu á heildarfjárfestingu.

## **6. 1810056 - Áhugi á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi**

Hugmyndir og áform um þangvinnslu í Stykkishólmi hafa verið til umræðu og meðferðar í Stykkishólmi um nokkurra ára skeið. Um er að ræða hugmyndir að nýtingu auðlinda Breiðafjarðar og atvinnuuppbyggingu í Stykkishólmi, nánar tiltekið nýtingu þangs í Breiðafirði, þar sem hugmyndir um sjálfbæra nýtingu auðlinda fjarðarins hefur verið grundvöllur samtals við þau fyrirtæki sem hafa sýnt verkefninu áhuga. Tvö fyrirtæki hafa farið þess á leit við bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að bærinn hefji formlegar viðræður um skipulagningu atvinnusvæðis fyrir þörungavinnslu í Stykkishólmi, annars vegar hið kanadíska Acadian Seaplants Ltd. og hins vegar Íslenska kalkþörungafélagið ehf., sem er í írskri eigu.

Ráðgjafarnefnd vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi var skipuð af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 13. desember 2018 og var hlutverk hennar m.a. að:

- Að fara yfir og meta fyrirbyggjandi gögn varðandi fyrirhugaða rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi og leggja mat á kosti og galla sem snúa að starfsemi.
- Að meta hvort auka má framtíðarverðmæti svæðisins og breytileika afurða með svæðaskiptingu þar sem leyfðar eru mismunandi aðferðir til sláttar; s.s. að rækta þörunga á línunum, handtína, handslá, eða slá með vélarafli.
- Að útfæra og koma með tillögur að viðmiðum Stykkishólmsbæjar í áframhaldandi viðræðum.

Nefndin lauk störfum í apríl 2019 og á 599. fundi bæjarráðs var skýrslunni vísað til umsagnar skipulags- og bygginganefndar, atvinnu- og nýsköpunarnefndar og umhverfis- og náttúruverndarnefndar. Fyrir liggja umsagnir þeirra nefnda sem allar eru jákvæðar.

Þá var á íbúafundi 28. maí 2019 farið yfir aðdraganda og og framvindu málsins í tengslum við áform um þangvinnslu í Stykkishólmi og niðurstaða ráðgjafanefndarinnar kynnt.

Á 601. fundi bæjarráðs var tekið fyrir erindi frá Acadian Seaplants þar fulltrúum Stykkishólmsbæjar var boðið að heimsækja fyrirtækið í Nova Scotia Kanada til þess sjá og fræðast um Acadian Seaplants og kynna sér stefnu fyrirtækisins í auðlindastjórnun, rannsóknum og þróun ásamt framleiðsluáðstöðu þar sem aukin verðmætasköpun fer fram. Bæjarráð samþykkti að senda oddvita flokka í bæjarstjórn og bæjarstjóra til Nova Scotia í Kanada og var sú ferð farin 9. - 13. júní sl. Jafnframt var bæjarstjóra falið að

kanna hvort Íslenska Kalkpörungafélagið ehf. hafi áhuga á að kynna starfssemi sína með sambærilegum hætti. Þá óskaði Íslenska Kalkpörungafélagið ehf. eftir því að gera athugasemdir við skýrslu ráðgjafanefndarinnar. Hafa engin viðbrögð borist frá félaginu.

Fyrir liggur að hefja þarf samtal um næstu skref við annan hvorn eða báða þá aðila sem sýnt hafa verkefninu áhuga. Leggur bæjarstjóri til að honum verði falið formlegt umboð til þess að hefja viðræður um næstu skref við annan hvorn eða báða þá aðila sem sýnt hafa verkefninu áhuga.

**7. 1908020 - Kosning í skóla- og fræðslunefnd**

Fyrir liggur að kjósa þarf nýjan formann skóla- og fræðslunefndar í kjölfar þess að formaður nefndarinnar baðst lausnar tímabundið.

**8. 1906026 - Kosningar í bæjarráð 2019**

Kosning þriggja fulltrúa í bæjarráð sem aðalmenn og jafnmargra til vara, sbr. 47. gr. samþykktu um stjórn Stykkishólmsbæjar, með áorðnum breytingum, og eftir atvikum tilnefning áheyrnarfulltrúa þar sem kosning í bæjarráð sem fram fór á 377. fundi bæjarstjórnar var ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög og samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar.

**9. 1908017 - Fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs fyrir haustmisseri 2019**

Fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs fyrir haustmisseri 2019 lögð fram.

27.08.2019

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.